



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

36. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu á Borg, mánudaginn 31. ágúst 2026 kl. 14:00.

Nefndarmenn:

Bergur Guðmundsson, formaður

Ragnheiður Eggertsdóttir

Sigurður Yngvi Ágústsson

Aðrir fundarmenn:

Fjóla St. Kristinsdóttir, sveitarstjóri

Ragnar Guðmundsson, deildarstjóri veitna

Steinar Sigurjónsson, deildarstjóri framkvæmda, mannvirkja og umhverfis

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnar Guðmundsson, deildarstjóri veitna.

1. Framkvæmdir og fjárfestingar 2026.

Farið var yfir stöðu þeirra verkefna sem eru á framkvæmda- og fjárhagsáætlun ársins 2026.
Lagt fram til kynningar.

2. Björgunarmiðstöð á Borg.

Fundargerðir verkfunda nr. 2-4 lagðar fram til kynningar.

3. Vesturbyggð áfangi 2.

Fundargerðir verkfunda nr. 3-5 lagðar fram til kynningar.

4. Kerhólsskóli – Breytingar á efri hæð.

Lögð eru fram gögn vegna breytinga á efri hæð Kerhólsskóla þar sem stjórnsýsla sveitarfélagsins var áður til húsa. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja að verkið verði boðið út. Jafnframt er lagt til við sveitarstjórn að samþykkja að samið verði við Verkís vegna eftirlits og byggingastjórnar með verkinu samkvæmt framlögðum gögnum.

5. Hjóla- og göngustígar meðfram Biskupstungnabraut frá Borg í Grímsnesi að Kerinu.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja samning milli sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar um fyrsta áfanga.

6. Erindisbréf Framkvæmda- og veitunefndar.

Fyrir liggur að uppfæra þarf erindisbréf Framkvæmda- og veitunefndar, en í núverandi erindisbréfi vantar hlutverk Samgöngunefndar auk þess sem uppfæra þarf heiti nefndarinnar í erindisbréfinu. Framkvæmda- og veitunefnd felur Steinari og Ragnari að leggja fram drög að nýju erindisbréfi til kynningar á næsta fundi nefndarinnar.

7. Snjómokstur á héraðs- og tengivegum.

Fyrir liggur að útboðstími snjómoksturs á héraðs- og tengivegum er lokið. Framkvæmda- og veitunefnd felur Steinari að gera verðfyrirspurn vegna snjómoksturs með sama fyrirkomulagi og fyrri verðfyrirspurn í samráði við Vegagerðina.



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

8. Tímabundin lausn á húsnæðismálum Frístundar – færanleg skrifstofueining.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja að færanlegri skrifstofueiningu verði komið fyrir á bílastæðum við leikskóladeild Kerhólsskóla sem tímabundinni lausn á húsnæðisvanda Frístundar.

9. Fjallaskáli í Kerlingu.

Lagðir eru fram til kynningar aðaluppdrættir af nýjum fjallaskála í Kerlingu.

10. Framtíðarsýn og stefna hita- og vatnsveitu í Grímsnes- og Grafningshrepp.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að unnin verði framtíðarsýn og stefna fyrir hita- og vatnsveitu sveitarfélagsins. Framkvæmda- og veitunefnd hefur umsjón með þeirri vinnu og leggur fram tillögur á fundi nefndarinnar, fyrir árslok 2026.

11. Skoðunarferð á verkstað.

- a. Skólahúsnæði
- b. Leikskólalóð
- c. Skógartún
- d. Björgunarmiðstöð

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:40.